

Að útbúa CSV gagnaskrá í Excel

Í FJÁRVÍS er hægt að lesa gagnaskrár útbúnaðar í Excel í kerfið fyrir líffunga og dómaskráningu. Þessar leiðbeiningar sýna hvernig slík gagnaskrá er útbúin og miðast við að útbúin sé gagnaskrá fyrir líffunga.

Í FJÁRVÍS er smellt á „Skrá líffunga“ undir HAUSTBÓK.

Þá birtist þessi skjámynd.

Pungaskráning

Innlestur þungaupplýsinga

Sjálfvirk skráning númera

Kyn	Fæðingarár	Lambanúmer	Valnúmer
Lömb <input type="button" value="☰"/>	2015	<input type="text"/>	<input type="text"/>

Dagsetning	Pungi	Tegund þunga	
<input type="text"/>	<input type="text"/>	Líffungi lamba <input type="button" value="▼"/>	<input type="button" value="Skrá"/>

Festa dagsetningu

Ef smellt er á hnappinn „Innlestur þungaupplýsinga“ opnast valmynd þar sem gagnaskrá er lesin inn.

Les inn gagnaskrá með þungaupplýsingum

<input type="text" value="Lamb"/>	<input type="text" value="Líffungi lamba"/>
-----------------------------------	---

No file chosen

i Línur í skrá þurfa að vera á forminu

gripur,þyngd,dagsetning


Par sem

- gripur er:
 - lambanúmer eða örmerki ef verið er að skrá lömb
 - valnúmer eða örmerki ef verið er að skrá fullorðin dýr
- þyngd er í kg (heittala)
- dagsetning er á forminu DD-MM-YYYY eða DD.MM.YYYY.

Þar kemur fram að línur í skrá þurfi að vera á forminu gripur, þyngd, dagsetning.


Það er í fyrsta dálk þarf að koma númer grips, í dálk tvö þarf að koma þyngd sem heiltala og í þriðja dálk dagsetning viktunar. Heiti dálkanna mega ekki koma fram í skjalinu.

Gagnaskrá í Excel þarf að líta svona út:




	A	B	C	D	E	F	G
1	4811	45	25.8.2015				
2	3271	39	25.8.2015				
3	1841	42	25.8.2015				
4	912	37	25.8.2015				
5	71	44	25.8.2015				
6	3641	52	25.8.2015				
7	1991	55	25.8.2015				
8	2281	48	25.8.2015				

Til að stilla að dagsetningin birtist á réttu formi, þarf að velja dálk C




	A	B	C	D
1	4811	45	25.8.2015	
2	3271	39	25.8.2015	
3	1841	42	25.8.2015	
4	912	37	25.8.2015	
5	71	44	25.8.2015	
6	3641	52	25.8.2015	
7	1991	55	25.8.2015	
8	2281	48	25.8.2015	
9				
10				
11				


Hægri smella með músinni yfir dálkinn og velja „Format Cells“ í glugganum sem opnast




Í valmyndinni sem þá opnast þarf að skilgreina dálkinn sem dagsetningu eins og myndin sýnir.



Til að vista gagnaskrá þarf að velja „Save As“ undir File í Excel og velja möppu í tölvunni þar sem geyma á skrána.



Þá opnast þessi gluggi hér:




Í File name er nafnið sem gefa á skránni sett inn.

Í Save as type þarf að skilgreina skrána sem „CSV (Comma delimited)“

Velja síðan Save

Í sumum útgáfum af Excel kemur upp aðvörun með þessum skilaboðum



Hér er valið „Yes“

Nú förum við aftur í FJÁRVÍS – Innlestur þungaupplýsinga

Les inn gagnaskrá með þungaupplýsingum

Lamb ▾ Lífþungi lamba ▾

Choose File No file chosen → **Skrá**

i Línur í skrá þurfa að vera á forminu

gripur,þyngd,dagsetning

Þar sem

- gripur er:
 - lambanúmer eða örmerki ef verið er að skrá lömb
 - valnúmer eða örmerki ef verið er að skrá fullorðin dýr
- þyngd er í kg (heittala)
- dagsetning er á forminu DD-MM-YYYY eða DD.MM.YYYY.

Þar þarf að velja skilgreiningu þunga, Lamb/Fullorðið og tegund þunga eftir því hvað er valið. Síðan er smelt á „Choose File“ og skráin sem var búin til valin.

Síðan er ýtt á skrá og kerfið les gögnin inn.

Ef gögnin fara inn án athugasemda ættu þessi skilaboð að birtast

Les inn gagnaskrá með þungaupplýsingum

Lamb ▾ Lífþungi lamba ▾

Choose File No file chosen

Skjalið hefur verið uppfært. **Skrá**

Ef villa er í gagnaskránni, t.d. tvítekið lambanúmer eða lambanúmer sem finnst ekki eiga að koma villuskilaboð sem segja í hvaða línu skjalsins villan er. Þá þarf að opna skjalið aftur og lagfæra villuna því gögnin eru ekki lesin inn nema skjalið sé alveg villulaust.

Lesu inn gagnaskrá með þungaupplýsingum

Lamb ▾ Lífpungi lamba ▾

Choose File No file chosen

Skrá

Villur

Lína 9: Dýr með númer 3273 finnst ekki.